



Reykjavík, 5. mars 2020

Upplýsingar vegna fyrirhugaðs verkfalls félagsmanna Sameykis sem starfa hjá Reykjavíkurborg

Ágætu foreldrar

Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu hefur boðað til ótímabundins verkfalls, sem tekur til allra félagsmanna Sameykis sem starfa hjá Reykjavíkurborg, frá og með mánudeginum 9. mars nk. Allt starfsfólk í Sameyki sem starfar í grunnskólum og á frístundaheimilum mun leggja niður störf hafi ekki samist fyrir þann tíma.

Áhrif verkfalls í grunnskólum

Um 850 félagsmenn í Sameyki starfa í grunnskólum borgarinnar og gegna margvíslegum og mikilvægum störfum. Því er ljóst að verkfallið mun hafa mikil áhrif á starfsemi skólanna. Jafnframt er ljóst að áhrifin verða afar mismunandi milli skóla þar sem fjöldi þessara starfsmanna er misjafn eftir skólum sem og skipting verkefna á milli þeirra. Fyrirkomulag skólahalds mun því m.a. taka mið af samsetningu starfsmannahópsins og nemenda, stærð skóla, hvernig ræstingu er háttað, öryggisþáttum o.fl.

Félagsmenn í Sameyki sinna ræstingu að hluta til eða að öllu leyti í flestum skólum borgarinnar. Ljóst er að einungis er hægt að halda úti skólastarfi í takmarkaðan tíma í húsnæði sem ekki er þrifið.

Þjónusta mötuneyta gæti lagst af í fleiri skólum en nú er. Nemendum er að sjálfsögðu heimilt að koma með nesti í skólann. Ekki verður tekið gjald vegna mataráskriftar í þeim tilvikum sem matarþjónusta leggst af.

Skólastjóri mun gefa nánari upplýsingar um fyrirkomulag skólahalds í hverjum skóla í verkfalli, en ljóst má vera að í mörgum skólum mun kennsla falla niður að hluta til eða alveg.

Áhrif verkfalls á frístundaheimili

Komi til verkfalls mun starfsemi frístundaheimila Reykjavíkurborgar stöðvast. Ekki verður tekið gjald fyrir þjónustu frístundaheimila þann tíma sem þau eru lokað vegna verkfalls.

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með fréttum í fjölmiðlum, á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og frá skólastjórum/heimasíðum grunnskólanna.

Við vonum að samningsaðilum takist að ná samkomulagi sem fyrst þannig að ekki komi til röskunar á starfsemi grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar